



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK


26. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, 242. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að hluti þeirra verkefna sem Ríkisendurskoðun sinnir verði boðin út til sjálfstætt starfandi endurskoðenda. Um er að ræða félög í eigu ríkissjóðs sem rekin eru sem sjálfstæðar einingar eða félög eða stofnanir þar sem eignarhaldi er skipt milli ríkis og einkaaðila. Með útboðum er unnt að ná fram aukinni hagkvæmni auk þess sem ekki eru rök fyrir því að ríkið stundi atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta sinnt jafnvel eða betur.

Samtök atvinnulífsins mæla með framangreindri lagabreytingu og taka undir rök flutningsmanna fyrir henni.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson